

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2374/98**2001/EES/46/21****frá 3. nóvember 1998****um að leyfa ný aukefni í fódri(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/19/EB ⁽²⁾, einkum 9. gr. j og 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er mælt fyrir um að heimilt sé að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.

Samkvæmt tilskipun ráðsins 93/113/EB ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/40/EB ⁽⁴⁾, er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir ákvæði tilskipunar 70/524/EBE, að leyfa til bráðabirgða notkun og markaðssetningu ensíma, örvera og blandna þeirra í fódri.

Athugun tækniskjalanna, sem aðildarríkin lögðu fram í samræmi við 3. gr. tilskipunar 93/113/EB, bendir til þess að unnt sé að leyfa til bráðabirgða tiltekinn fjölda efna sem tilheyra flokkum ensíma og örvera.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 1998.

Vísindanefndin um fódur hefur sent frá sér jákvætt álit um skaðleysi þessara efna.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er, samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, að leyfa efnin, sem tilheyra flokknum „ensím“ og talin eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sama viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 295, 4.11.1998, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2000 frá 2. október 2000 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 59, 14.12.2000, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 96, 28. 3. 1998, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 334, 31. 12. 1993, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 21.

VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Virkniefningar á kílógramm heilfóðurs		Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald		
26	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 526.94), með virkni að lágmarki: Fast form: 350 000 BU/g (1) Fljótandi form: 50 000 BU/g	Eldiskjúklíngar	—	23 000 BU	—	1. Í notkunarléiðbeiningum með aukefninu og för-blöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Raðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: 23 000 – 50 000 BU. 3. Til nota í fôðurböndur auðugar að fjölsýkrum óðrum en sterkju (einkum glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 20% mais eða 30% rúg.	30.9.1999
			Mjólkurgrísir	Fjórir mánuðir	26 000 BU	—	1. Í notkunarléiðbeiningum með aukefninu og för-blöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Raðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: 26 000 – 35 000 BU. 3. Til nota í fôðurböndur auðugar að fjölsýkrum óðrum en sterkju (einkum glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% mais eða hveiti.	30.9.1999

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Virkniefningar á kílógramm heilföðurs		Ömur ákvæði	Gildistími leyfis
					Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald		
27	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 529.94), og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 526.94), með virkni að lágmarki: Fast form: — 200 000 BXU/g (²) — 200 000 BU/g (¹) Fljótandi form: — 30 000 BXU/g — 30 000 BU/g	Eldiskjúklingar	—	2 500 BXU 2 500 BU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og förblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilföðurs: — 10 000 BXU, — 10 000 BU. 3. Til nota í föðurblöndur auðugar að fjölskrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxlómum og glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti eða 30% rúg.	30.9.1999
28	3-Fýtasi EC 3.1.3.8	Efnablanda 3-fýtasa, framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 528.94), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 000 PPU/g (³) Fljótandi form: 1 000 PPU/g	Mjólkurgrísir	Fjórir mánuðir	250 PPU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og förblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilföðurs: 500 – 750 PPU. 3. Til nota í fýtatauðugar föðurblöndur, t.d. þær sem innihalda yfir 50% korn (mais, bygg, hveiti), tapióka, oliufrae og belgjurttir.	30.9.1999

Nr.	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Virknirningar á kílógramm heilföðurs		Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald		
			Eldissvín	—	500 PPU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglnun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilföðurs: 500 – 750 PPU. 3. Til nota í fýtaaauðugar fôðurböndur, t.d. þær sem innihalda yfir 50% korn (maís, bygg, hveiti), tapióka, oliufæ og belgjurttir.	30.9.1999

(¹) 1 BU er magn þess ensíms sem leysir 0,06 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 4,8 og 50 °C.

(²) 1 BXU er magn þess ensíms sem leysir 0,06 mikrómol afoxandi sykra (xýlósaajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birki við pH 5,3 og 50 °C.

(³) 1 PPU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol ólifræns fosfáts á mínútu úr natriumfýrati við pH 5 og 37 °C.